



UPPBYGGINGARSJÓÐUR

VESTFJARÐA



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

UMFJALLANIR 2023

Efni:



Vestfjarðastofa

**Uppbyggingarsjóður //
Sóknaráætlun**

**Listasafn Samúels/Safn Gísla á
Uppsölum**

Kári G. Schram og Ólafur J.
Engilbersson

Fine Foods Íslandica

Jamie Lee

Gallerí Úthverfa/ArtsIceland

Elísabet Gunnarsdóttir

Sauðfjársetur á Ströndum

Ester Sigfúsdóttir

Cycling Westfjords

Halldóra Björk Norðdahl

Galdur Brugghús

Aleksandar Kuzmanic

PIFF

Steingrímur R. Guðmundsson

**Úthlutanir Uppbyggingarsjóðs
2023**

Útgefandi:

Vestfjarðastofa

Suðurgata 12

400 Ísafjörður

Ritstjórn, efnisöflun og uppsetning:

Anna Sigríður Ólafsdóttir

Ábyrgðarmanneskja:

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir



LISTASAFN SAMÚELS

SAFN GÍSLA Á UPPSÖLUM



Listasafn Samúels Jónssonar



Kári G. Schram og Ólafur J. Engilbertsson



Frá Uppsölum

Á Vestfjörðum eru víða staðir sem sagan, bæði forn og nýrri, virðist drjúpa sem smjör af strái hverju. Einn þessara staða er Selárdalur í Arnarfirði þar sem tveir mektarmenn ólu manninn um daga sína: listamaðurinn með barnshjartað, Samúel Jónsson og einsetumaðurinn, Gísli Októvíanus Gíslason.

Selárdalur er ægifagur og er hann næstystur þeirra dala sem í daglegu tali eru kallaðir Ketildalir. Þar hefur enginn fasta búsetu lengur, en dalurinn verður sífellt vinsælli áfangastaður ferðafólks á leið um Vestfirði, sem og íbúa svæðisins sem vilja sjá og upplifa það sem þar er að finna.

Um árabíl hefur farið fram uppbygging á merku og mætu Listasafni Samúels og nýlega tók hópur áhugafólks um uppbyggingu safns Gísla á Uppsölum sig saman og hóf endurbætur á húsi hans. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða hefur styrkt bæði þessi verkefni. Í síðustu úthlutun fékk Safn Gísla á Uppsölum stofnstyrk, en Listasafn Samúels styrk vegna bókarinnar Steyptir Draumar – líf og list Samúels Jónssonar.

Oft er það þannig að eitt leiði af öðru og um það vitna þeir Kári G. Schram og Ólafur J. Engilbertsson sem standa að báðum verkefnum. Um tilurð þess að ráðast í endurbætur að Uppsölum hafa þeir þetta að segja:

„Við sem höfum verið að sinna listasafni Samúels undanfarinn aldarfjórðung höfum orðið þess varir að fólk hefur mikinn áhuga á sögu Gísla á Uppsölum sem hefur orðið að einskonar táknmynd fyrir nægjusemi, nýtni og sjálfbærni. Aðgengi að Uppsölum hefur verið slæmt og hefur verið aðkallandi að gera hús Gísla upp til að koma til móts við áhuga ferðafólks.“

Það má því segja að áhuginn fyrir verkum Samúels Jónssonar og allur sá tími sem hefur verið varið í að gera safn um hann að veruleika hafi leitt af sér næsta verkefni í dalnum. En það þýðir auðvitað ekki að Listasafn Samúels falli í eitt hvert dá, heldur betur ekki, því þar er stöðug starfsemi sumar hvert, auk þess sem út er komin bókin Steyptir draumar – líf og list Samúels Jónssonar.

Þeir félagar segja bókina hafa verið lengi í vinnslu. Í gegnum tíðina hafi fólk heimsótt safnið, sagt þeim sögur af Samúel og fært safninu málverk og muni sem hann gerði. Með aukinni viðveru staðarhaldara undanfarin fimm sumur hafi þeir mikið verið spurðir um sögu Samúels og gestir einnig viljað sjá yfirlit verka hans og svarar bókina eftirspurn um hvort tveggja. Ólafur ritstýrir bókinni og er hún gefin út af fyrirtæki hans, Sögumiðlun, auk safnsins og rennur ágóði af henni til þess.

Þeir Kári og Ólafur segja styrki úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða geta ýtt verkefnum af stað þó þeir séu ekki háir, því oft velti lítil þúfa þungu hlassi.

Þeir segja sjóðinn geta skipt sköpum svo verkefni verði að veruleika og oft á tíðum sé ekki hægt að leita til annarra um stofnframlög til menningarviðburða eða nýsköpunarverkefna.

Fyrir þá sem hugsa sér að sækja um í sjóðinn hafa þeir þessi ráð:

„Hafa öll leyfi til framkvæmda tiltæk og skipulagsupprátt. Stofna til samstarfs við tengda aðila á svæðinu og fá undirskriftir þeirra á samstarfsyfirlýsingu.“

FINE FOODS ÍSLANDICA

Fine Foods Íslandica í Reykhólahreppi er eitt þeirra verkefna sem hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða í síðustu úthlutun.

Frumkvöðullinn Jamie Lee er aðalsprauta verkefnisins en hún hefur notið fulltingis Bergsveins Reynissonar og Steindórs Haraldssonar, en hann þróaði kræklinga og þarasúpu þeirra. Bergsveinn og Jamie hafa unnið saman yfir langt tímabil og leggur hann til mikilvæga þekkingu á sjómennsku, ræktunartækni og færni í úrlausnum hinna ýmsu mála. Fine Foods Íslandica hefur að markmiði uppbyggingu sjálfbærrar, góðrar matarmenningar. Það hefur sterka samfélagslega sýn, ræktar þörunga og gerir úr þeim sjálfbær matvæli sem eru gómsæt og auðveld í notkun í daglegri matargerð. Í hönnunarferlinu er lögð áhersla á að viðhalda háu næringargildi hreinnar fæðu, á sama tíma gera það einfalt að bæta bragðgæði og næringu hversdagsmatarins.

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða hefur styrkt verkefnið frá rannsóknastigi yfir í framleiðslu.



Mynd: Created jamboree productions

Frá flóknu ferli að stórum draumum

Jamie segir vegferðina í kringum verkefnið ekki hafa verið einfalda, þá sérstaklega í upphafi þess. Hún er bandarískur ríkisborgari og var dvalarleyfi hennar bundið sérfræðistarfinu sem hún áður sinnti og því gat hún í upphafi aðeins gefið verkefninu hluta tíma síns. Upphaflega flutti Jamie hingað til að setjast á skólabeck við Háskólasetur Vestfjarða og útskrifaðist þaðan með meistaraáráðu í haf- og strandsvæðastjórnun og segir hún að staðan hafi verið farin narta hressilega í fjárhagsstöðu hennar. Það var því mikilvægt að finna fjármagn til að sinna hennar helsta hugðarefni – þörungaræktinni. Styrkveitingar til verkefnisins gerðu henni kleift að einbeita sér með virkum hætti að þanginu allt frá hugmynd að fullmótaðri vöru og geta stofnað fyrirtæki í kringum það.

Þar sem Ísland er ekki ódýrasta land í heimi til að hefja rekstur eiga styrkir úr Uppbyggingarsjóði stóran þátt í því að verkefnið varð að veruleika að sögn Jamie.

Fine Foods Íslandica er fyrsta þörungaræktin á Íslandi sem hefur í raun þróað vöru alveg frá fræi yfir í fullbúna neytendavöru. Fleiri hafa haft trú á þessu metnaðarfulla verkefni og hefur það hlotið styrki úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka, Matvælasjóði og úr Lóunni. Jamie þakkar sérstaklega Sigurði Lindal og Skúla Gautasyni hjá Vestfjarðastofu sem leiðbeindu um frekari úrræði sem styrkt hafa viðskiptagrunn verkefnisins. Hún segir ráðgjöf þeirra hafa gert það að verkum að hún þorði að leyfa sér að dreyma stærri drauma.



Ein af vörum Fine Foods Íslandica, Harðfisk Furikake

Menningsnautt líf er litlaust og leiðinlegt

Hvaða þýðingu Uppbyggingarsjóður Vestfjarða hafi fyrir nýsköpun og menningarlíf á Vestfjörðum segir Jamie að styrkveiting geti hleypt verkefnum af stokkunum sem annars hefðu kannski ekki farið af stað og bætir við:

„Menningarlíf er límið í ólíkum þráðum samfélaga og stór þáttur í sjálfsmynd þeirra. Sögur sem ferðast í gegnum kynslóðirnar og þær nýju minningar sem sífellt verða til leggja til við velferð íbúanna. Ég laðast sterkt að íslenskri menningu og er mjög forvitin um hana. Lífnaðarhættir Vestfirðinga, þjóðsögurnar og seiglan sem hér býr hafa verið mér innblástur og aukið á löngun mína til að setjast hér að og verða þátttakandi í þessu. Ég trúi því að einn sterkasti drifkrafturinn að bak við það sem við leitumst eftir í lífinu sé að skapa velsæld innra með okkur og í kringum okkur. Án menningarinnar yrði lífið einfaldlega litlaust og leiðinlegt.“

Gefðu hugmyndinni sjéns - í bútum

„Með því að sækja um styrk ertu í raun að gefa hugmynd þinni sjéns!“ segir Jamie og bætir við hagnýtum ráðum til þeirra sem eru að hugsa um að sækja um styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða eða öðrum sjóðum:

„Bakgrunnur minn liggur í hönnun og af þeim sökum myndi ég ráðleggja að leggjast yfir hugmyndavinnuna. Leyfa sér að verða heltekin af því að rannsaka alla þætti þess sem þú ætlar að gera og þannig styrkja hugmyndina. Spjallaðu við aðra og lærðu frá fólki á ólíkum sviðum. Haltu áfram að gera góða hugmynd enn betri og leitaðu uppi góða samstarfsaðila til að skapa töfra með. Styrkur úr Uppbyggingarsjóði getur verið gott innlegg og staksteinn í áttina að því að raungera hugmyndina þína.“

Jamie segir það mikilvægt að hafa í huga að öll verkefni eigi upphaf sitt í einhverjum sem tekur af skarið. Að byggja upp verkefni getur verið tímafrekt og útheimtir mikla vinnu, svo gagnlegt geti reynst að hluta það niður í viðráðanlega verkþætti. Sama eigi við um umsóknir í sjóði. Gott sé að byrja afmarkað og leyfa verkefninu að vaxa í tímans rás. Verkefnin megi brjóta upp og sækja í upphafi um fyrir afmörkuðum smærri þáttum sem leggja grunninn að verkefninu í heild sinni.





GALLERÍ ÚTHVERFA ARTSICELAND

N-VESTFIRÐIR



Leikskólabörn heimsækja Gallerí Úthverfu



Elisabet Gunnarsdóttir
Mynd: Halldór Sveinbjörnsson

Öflugt lista- og menningarlíf hefur löngum þrífist um Vestfirði þrátt fyrir að þeir sem að því standa muni seint standa uppi loðnir um lófana fyrir viðvikið. Ein þeirra sem hefur nánast allt sitt fullorðinslíf kappkostað að í vestrinu finnist bæði list og listamenn er Elísabet Gunnarsdóttir eigandi Kol og Salt á Ísafirði. Undir þeim hatti eru rekin Gallerí Úthverfa / Outvert Art Space og gestavinnustofur ArtsIceland og hlaut starfsemin styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða í síðustu úthlutun.

Gallerí Úthverfa / Outvert Art Space er til húsa að Aðalstræti 22 í miðbæ Ísafjarðar. Húsnæðið hósti áður Slunkaríki og hefur því verið rekið myndlistargallerí þar í nær 40 ár. Haldnar eru 10 – 12 sýningar á ári, auk minni viðburða og mikið lagt upp úr að halda starfseminni gangandi allt árið. Áhersla er á að sýna verk ungs upprennandi myndlistarfólks í bland við verk eldri myndlistarmanna, stundum heimsþektra.

ArtsIceland eru alþjóðlegar gestavinnustofur fyrir listafólk af ýmsum toga. Flestir sem koma til dvalar eru myndlistarmenn en einnig listafólk sem vinnur með hljóð, dansarar, hönnuðir, tónskáld, rithöfundar og fræðimenn. Listafólkið dvelur í 1-3 mánuði í senn og margir kynna verk sín almenningi, halda listamannspjall, sýningu eða tónleika á meðan þeir dvelja á staðnum. Vinnustofurnar eru fimm yfir sumarmánuðina og tvær yfir veturinn, og geta allt að 10 dvalið við störf þegar mest er. ArtsIceland á mikið og gott samstarf við skólana og fleiri stofnanir og aðila á svæðinu um ýmis verkefni og margt af listafólkinu kemur ítrekað til dvalar til að þróa áfram verkefni í samvinnu við fólk á staðnum. Það er kærkomið fyrir starfandi listafólk á svæðinu að fá kollega sína utan úr heimi til skrafs og ráðagerða og þeir sem til dvalarinnar koma fara heim reynslunni ríkara með Vestfirði í hjartanu um aldur og ævi. Ófá verk hafa verið sýnd og leikin víða um heim sem hafa fæðst í gestavinnudvöl á Ísafirði.

Framlög úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða mikil hvatning

Elisabet segir að enn sem komið er sé sjálfböðavinna undirstaða starfseminnar. Hún tekur þó fram að slík starfsemi gangi ekki til lengdar og þá sér í lagi ef aðstandendur þurfi líka að reiða fram kostnað úr eigin vasa. Tekjumöguleikarnir í starfsemi sem þessari eru takmarkaðir. Hjá ArtsIceland greiðir gestalistafólkið vinnustofugjald fyrir dvölinna sem stendur að hluta undir daglegum rekstri húsnæðis og launum verkefnisstjóra (25% starf). Hjá gallerí Úthverfu er enginn launaður starfsmaður og öll vinna við rekstur gallerísins unnin í sjálfböðavinnu. Myndlistarsjóður og fyrirtæki á svæðinu hafa nokkuð reglulega veitt styrki til afmarkaðra sýningarverkefna. Elisabet segir því gefa auga leið að framlög úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða séu mikil hvatning og hjálp til að halda starfsemi beggja gangandi.

Viðskiptavæðing hugarfarsins getur haft skaðleg áhrif

„Það skiptir miklu máli að aðskilja menningu og listir annars vegar og önnur viðfangsefni Uppbyggingarsjóðsins hins vegar. Bæði í hugum fólks og í framkvæmd,“ segir Elisabet og vísar þar til þess fyrirkomulags sjóðsins að veita styrki til menningarstarfsemi annars vegar og til atvinnuþróunar- og nýsköpunar hins vegar. Hún bætir við:

„Ef menningar- og listalífið fær ekki að lúta sínum eigin lögmálum er hætt við að innihaldið líði fyrir það. Viðskiptavæðing hugarfarsins getur haft skaðleg áhrif á gæði slíkrar starfsemi. Þá spyrja menn sig kannski, hvað er menning og hvað eru listir og hvað er þetta annað? Verkefni í menningu- og listum hafa talsvert fleiri og fjölbreyttari mælistukur en þær sem eru bundnar við magn, krónur og aura. Menningin er límið í samfélaginu og skapandi og gagnrýnin hugsun í listum er mikilvægur drifkraftur. Peningarnir eru eldsneytið en hvorki ökutækið né stjórnandi þess, hins vegar kemst enginn langt án eldsneytis sama hversu góð hugmynd og frábærlega skipulagt verkefnið er.“

Elisabet segir uppbyggingarsjóði landshlutanna skila mjög miklu, en það þurfi að endurskoða rækilega styrkjakerfið sem menningin- og listirnar búa við í landinu sem heild. Í því samhengi sé ekki styrkjakerfið einvörðungu undir heldur allt rekstrarumhverfi þessarar starfsemi. Hún telur glufur finnast víða og ein þeirra þá að ferðir innanlands, sem oft eru óhreyrilega kostnaðarsamar, séu lítið sem ekkert styrktar. Þetta er eitthvað sem vegur þyngra og þyngra í beinu sambandi við fjarlægð staða frá höfuðborgarsvæðinu. Þetta á ekki bara við ferðalög fagmanna frá Reykjavík, heldur kannski enn frekar möguleika listafólks á að ferðast milli landsvæða þ.m.t. til höfuðborgarsvæðisins í tengslum við menningar- og listaverkefni.

Hlæ smáa getur skarað fram úr

Fyrir þá sem luma á góðum hugmyndum og ihuga hvort þeir ættu að láta vaða í umsókn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða hefur Elisabet þetta að segja:

„Ég vil hvetja fólk til að nýta sér þennan möguleika. Einn lítill 100 þúsund króna styrkur getur hjálpað mjög mikið við að hrinda hugmynd í framkvæmd og glæða samskiptavettvang, rými eða útsvæði lífi samfélaginu til góða. Það er allt í lagi að byrja smátt, litlu verkefni sem vaxa hægt og rólega endast oft best. Mikilvægast af öllu er að móta sér sterka sýn fyrir verkefnið og slá aldrei af gæðakröfunum.“

Það gleymist alltof oft að lítill verkefni og litlir staðir geti skarað fram úr á svo margan hátt því staðreyndin er sú að fjöldi og stærð er ekki mælikvarðar á gæði.

Myndir: Kol og Salt/Elisabet Gunnarsdóttir



SAUÐFJÁRSETUR Á STRÖNDUM



Ester Sigfúsdóttir

Ester Sigfúsdóttir er potturinn og pannan á bak við Sauðfjársetur á Ströndum, safns þar sem einkum er fjallað um sauðfjárþúskað fyrri og nú á Ströndum og á landsvísi. Sauðfjársetið hlaut á síðasta ári styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða sem hún segir hafa gríðarmikla þýðingu fyrir þau.



Tufti tröll hittir börnin á Náttúrubarnahátíðinni



Íslandsmótið í hrútaðómum er einn af helstu viðburðum Sauðfjársetursins

Sauðfjársetrið er jafnframt menningarmiðstöð og ferðaþjónustuaðili og er það stefna þess að hafa sem allra jákvæðust áhrif á samfélag sitt, mannlíf og menningu. Ólíkar sögusýningar eru uppi og kaffistofa opin yfir sumartímann og mikil áhersla lögð á hverskyns viðburði og menningarverkefni allt árið. Sauðfjársetrið hefur verið að eflast, opnunartíminn að lengjast og starfsemin að blómstra. Dæmi um viðburði þess, sem eftir er tekið um víðan völl, er hin bráðgóða skemmtun Íslandsmótið í hrútaðómum og Náttúrubarnahátíðin sem dóttir Esterar, Dagrún Ósk Jónsdóttir, stýrir með glæsibrag.

Ester segir Uppbyggingarsjóð Vestfjarða mikilvægan fyrir allt félagslíf og menningarstarf í fjórðungnum, sem sé eitt af því sem geri búsetu á einstökum stöðum eftirsóknarverða. Stuðningur hans sé nauðsynlegur til að auka fjölbreytni, tækifæri og afþreyingu fyrir fólk á ólíkum sviðum. Hún segir þetta mikilvægt í ljósi bæði andans og efnisins því þetta geri lífið skemmtilegra, eflir mannlíf og menningu – auk þess að vera atvinnuskapandi.

Að ráðast í þá vinnu að senda inn umsókn getur vaxið mörgum í augum. Ester segir mikilvægt að vanda til verka; gefa sér tíma í umsóknagerð, vinna saman, láta lesa yfir, fá álit annarra og gott sé að þiggja þá aðstoð sem er í boði. Hún segir þó einfaldlega mikilvægast að láta vaða, því það eru bara þau sem sækja um sem fá stuðning.

Um mikilvægi styrkveitinga úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða hefur Ester þetta að segja:

„Stuðningur frá Uppbyggingarsjóði er ómetanlegur fyrir starfsemi Sauðfjársetursins. Án stuðnings sjóðsins væri starfsemin líklega ekki lengur í gangi. Við viljum því nota tækifærið til að þakka Uppbyggingarsjóði kærlega fyrir stuðninginn í gegnum súrt og sætt undanfarin ár.“

VESTFIRÐIR

CYCLING WESTFJORDS

Eitt þeirra verkefna sem hefur hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða er Cycling Westfjords. Það er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í ferðum fyrir reiðhjólafarðamenn um Vestfirði. Hópur kraftmikilla frumkvöðla stendur að baki verkefninu og heyrðum við í Halldóru Björk Norðdahl, Dóru, sem hefur verið innsti kappur í búri, til að kynna því betur.

Persónulegar pakkaferðir

Cycling Westfjords veitir hjólréiðafólki sem vill koma á Vestfirði persónulega þjónustu við að skipuleggja ferðir sínar, allt eftir þörfum, óskum og getu viðkomandi. Áhersla er lögð á að hafa inn í ferðalýsingum það sem er á leiðunum sem farnar eru, eins og söfn, verslanir og náttúruminjar. Þegar ferðafólkið kemur á staðinn fær það startpakka sem Cycling Westfjords hefur sett saman og svo eru þau þeim innan handar alla hjólaleiðina, því á ferðalögum sem þessum er oft eitthvað sem bregðast þarf við. Að ferð lokinni fá allir viðurkenningarskjal, svo er farið yfir upplifun þeirra og þeim og búnaðinum hjálpað að komast aftur til síns heima. Til þessa hefur hjólréiðafólkið farið ferðirnar upp á eigin spýtur en nú er byrjað að bjóða upp á skipulagðar pakkaferðir með fararstjórn og farangursflutningi sem verða farnar í fyrsta sinn á næsta ári.



*Þeir eru margir fallegir áningarstaðirnir á Vestfjarðaleiðinni
Mynd: Rugile Kaladyte*



Mynd: Þráinn Kolbeinsson

Westjords Way Challenge

Hugmyndafræði Cycling Westjords er að bjóða hjólréiðafólki kost á að upplifa Vestfirði í allri sinni dýrð og gefa sér tíma til að stoppa og njóta í stað þess að þjóta hjá öllu því dýrmæta og markverða í náttúru og menningu svæðisins. Það féll því eins og flis við rass að fá samstarf við áhrifavaldana Chris Burkard og Lael Wilcox í gegnum verkefni Vestfjarðastofu, Vestfjarðaleiðina og í gegnum það samstarf varð til hjólréiðakeppnin Westjords Way Challenge sem hefur verið haldin síðustu tvö sumur við afbragðsgóðar viðtökur. Í keppninni eru hjólaðir fjórir leggir á fimm dögum og er hluti af ferðunum að stoppa á fyrirfram ákveðnum stöðum sem veita meiri innsýn í menningu Vestfjarða.

Kostnaðarsamt að koma hugmyndum á koppinn

Dóra segir að þegar hópurinn hafði byrjað að þróa hugmyndir sínar hafi þeim verið alveg ljóst að dæmið gengi ekki upp án þess að til þess kæmi utanaðkomandi fjármagn. Vöruþróunarferlið var kostnaðarsamt, sem og að kynna svo þá vöru sem búið var að skapa. Þau sóttu því um í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og höfðu árangur sem erfiði við að koma grunnhugmyndinni á koppinn. Þau létu þó ekki staðar numið og héldu vöruþróuninni áfram og úr varð hjólréiðakeppnin Midnight Special, þar sem fleirum gefst kostur á að taka þátt í síðasta legg Westjords Way sem liggur á milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar. Óhætt er að segja að þessi viðbót hafi tekist með ágætum og fjölmargir sem hafa notað tækifærið að hjóla þessa fallegu leið.



Fólkið á bak við Cycling Westjords: Tyler Wacker, Halldóra B. Norðdahl og Lynnee Jacks
Mynd. Ágúst Atlason

Uppbyggingarsjóður til heilla klikkuðum hugmyndum

„Uppbyggingarsjóðurinn gerir fólki eins og okkur kleift að koma sínum klikkuðu hugmyndum í framkvæmd sem annars gætu seint eða aldrei orðið að veruleika.“ Segir Dóra um mikilvægi Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir verkefni eins og þeirra. Hún bendir á að þegar hafi 300 manns komið og hjólað Vestfirðina á þeirra vegum og vel hafi sést að þetta hafi smitað út frá sér því sífellt sé fleira og fleira reiðhjólafólk að sækja Vestfirði heim. Hún segir að þetta sé ferðafólk sem ferðist um án teljandi kolefnisþors, dvelji lengur innan svæðisins og dreifi fjármunum um allan fjórðunginn, sem sé auðvitað afar eftirsóknarvert.

Í lokin færir Dóra þessi hvatningarorð til þeirra sem hugsa sér að sækja um í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða:

„Ef þú ætlar að sækja um, byrjaðu að vinna umsóknina tímanlega. Vertu raunhæf í áætlunum og ákveðin. Síðast en ekki síst - trúðu á það sem þú ætlar að gera.“



Mynd: Þráinn Kolbeinsson

STRANDIR

GALDUR BRUGGHÚS



Frá opnun gestastofu Galdurs, Mynd: Ragna Ólóf Guðmundsdóttir

Galdur á Hólmavík er samfélagssprottið brugghús sem hóf starfsemi haustið 2022 og byggir vörulína þess á göldrunum sem svæðið er þekkt fyrir. Heimamennirnir Aleksandar Kuzmanic og Finnur Ólafsson eiga veg og vanda af uppbyggingu brugghússins og með því vildu þeir styrkja svæðið með atvinnusköpun og fleiri afþreyingarmöguleikum.

Mikið hefur verið lagt í að gera Galdur brugghús og vörur þess hve glæsilegastar. Philipp Ewers, menntaður bruggmestari frá Þýskalandi var ráðinn til starfa og heimamaðurinn Ólafur Nímson fenginn til að hanna vöruútlit sem að sjálfssögðu hefur hverskyns galdra og tákn þeim tengd í forgrunni.

Aleksandar Kuzmanic telur Uppbyggingarsjóð Vestfjarða mikilvægan til að skapa hvata. Í gegnum hann getur fólk fengið aðstoð við að koma hugmyndum af stað eða fengið hvatningu fyrir frekari þróunar á verkefnum. Fyrir tilstuðlan styrkveitingar úr sjóðnum gátu Galdursmenn fjárfest í gæðahönnun og markaðsefni sem hefur virkað mjög vel sem varð til þess að verkefnið komst vel á skrið. Aleksandar horfir björtum augum til framtíðar og bindur vonir við áframhaldandi vöxt með fjölgun starfa við Galdur brugghús.

Auk þeirrar vinnu sem farið hefur fram við bjórbrugg og markaðssetningu hafa þeir Galdursmenn einnig opnað gestastofu þar sem hægt er að taka á móti áhugafólki um bjór, þar á meðal ferðafólki og þannig auka afþreyingarmöguleika þeirra sem sækja svæðið heim.

Aleksandar hvetur þá sem eru að hugsa um að sækja um í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða með þessum orðum:


„Það er bara að byrja! Því það er lærdómur fólgin í að sækja um. Þó það takist ekki í fyrsta sinn þá lærir þú það.“



Bruggfélagar: Finnur Ólafsson, Philipp Ewers og Aleksandar Kuzmanic,
Mynd: Ragna Ólóf Guðmundsdóttir



Frá opunarhátíð PIFF í Ísafjarðarbiói



PIFF

N & S-VESTFIRÐIR

Alþjóðleg kvikmyndahátíð með afslöppuðu andrúmslofti

Um miðjan októbermánuð var stórglæsileg kvikmyndahátíð PIFF haldin víðvegar um Vestfirði við góðar undirtektir. PIFF, eða The Pigeon International Film Festival er alþjóðleg kvikmyndahátíð og er hún eitt þeirra verkefna sem hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða í síðustu úthlutun. Að baki hátíðinni stendur hópur áhugafólks um kvikmyndir og kvikmyndagerð. Þetta var í þriðja sinn sem hátíðin var haldin og stendur hugur hópsins til þess að hún haldi áfram að vera árviss viðburður á Vestfjörðum.

Einn af aðstandendum hátíðarinnar er Steingrímur Rúnar Guðmundsson eða Denni, bóksali og trúbador á Ísafirði með meiru. Hann segir styrkinn úr Uppbyggingarsjóði hafa tryggt að ákveðið var að halda áfram með hátíðina og jafnframt hafa gert þeim kleift í þetta sinn að halda hana nær því eins og þeir vilja hafa hana. Umfang hátíðarinnar hafi aukist talsvert en á sama tíma hafi náðst að halda í það aflappaða og heimilislega andrúmsloft sem umlukið hefur hana frá fyrsta degi. Fyrir tilstuðlan styrksins hafi verið hægt að bjóða kvikmyndagerðarfólkinu upp á betri aðbúnað en áður og Denni segir PIFF ekki hika við að sækja um á nýjan leik.



Steingrímur R. Guðmundsson kynnir PIFF í Vísindaporti



Gæfuspor að fá ráðgjöf

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða gefur aðstandendum menningarverkefna á svæðinu og frumkvöðlum í nýsköpun góða innspýtingu að sögn Denna. Sjóðurinn geri það að verkum að hægt sé að glæða menninguna lífi og gefi listamönnum tækifæri til að skapa menningartengda viðburði og varning á sínu svæði. Að sama skapi geti þeir sem eru í framleiðslu nýtsamlegra hluta fengið start í eitthvað sem getur orðið stærra seinna.

Denni segir aðstandendur PIFF hafa hikað við að sækja um í sjóðinn fyrst, þau hafi verið óörugg og fallið á tíma. Þau ætluðu þó ekki að láta það stoppa sig og leituðu til ráðgjafa á Vestfjarðastofu sem hann segir að hafi verið gæfuspor. Fyrir þá sem eru að hugsa um að sækja um hefur Denni þetta að segja:

„Við mælum með því að gera raunhæfar áætlanir og fá ráðleggingar. Gefa þessu tíma og vera hnitmiðuð í lýsingum á verkefninu.“

Myndir: PIFF



Leikarinn Próstur Leó Gunnarsson var heiðursgestur hátíðarinnar í ár



Fjölirnir Baldursson og Thelma Hjaltadóttir standa einnig að baki PIFF. Hér má sjá þau í góðum félagsskap á lokahófi hátíðarinnar.



Isafjarðarbíó hefur verið höfuðvigi hátíðarinnar, en í ár var einnig boðið upp á sýningar í Súðavík, sem og í Skjaldborgarbíó á Patreksfirði

Styrkveitingar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2023

Fyrir árið 2023 bárust 103 umsóknir í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og hlutu 62 verkefni styrkveitingu sem gerir árangurshlutfall 60% sem gerir sjóðinn að vænum kosti fyrir umsækjendur. Heildarupphæð styrkvilyrða var 43.300.000 kr., en við það bætast 11.850.000 kr. sem var úthlutað á árunum 2020-22 til verkefna sem tóku til fleiri en eins árs. Heildarúthlutun fyrir árið 2023 var því 55.150.000 kr. Sem deilist á 69 verkefni.

- Galdur Brugghús - Auglýsingar og markaðsefni
Aleksandar Kuzmanic **2.250.000**
- Hvítisandur - sjóböð í Önunarfirði
Runólfur Ágústsson **1.500.000**
- Seeds of change: Seaweed farming for everyone
Fine Foods Íslandica ehf. **1.500.000**
- Dropi fyrir börn
True Westfjords ehf. **1.500.000**
- Rafræn félagsmiðstöð: Öll fá sömu tækifæri
Í skýjunum ehf. **900.000**
- Vaxtaverkir og vöruþróun
Cycling Westfjords ehf. **800.000**
- Sjósundssaðstaða á Þingeyri
Fasteignafélagið Þingeyri ehf. **760.000**
- Ilmkerti með vestfirskum ilmum
Fantastic Fjords ehf. **700.000**
- Þrjár bækur á ensku um íslenska þjóðtrú
Háskóli Íslands **700.000**
- ArcticFish Midnight Special
Tyler James Wacker **700.000**
- Þörungarræktun í hringrásarkerfi
Eldey Aqua ehf. **700.000**
- Frá Landinu - Artisanal home accessories
Ainara Aguilar Del Caz **600.000**
- Starfandi ferðamenn
Arnar Arinbjarnarson **500.000**
- Nýjar vörur fyrir gamla verslun
Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson ehf. **500.000**
- Co-Living Westfjords
Leiry Yaritza Seron Hernandez **500.000**
- Hönnun og þróun minjagripalínu
Sauðfjársetur á Ströndum ses **500.000**
- Vörumessa MÍ
Menntaskólinn á Ísafirði **400.000**
- Viðskiptaáætlun fyrir vertical farming
Martina Dirr **350.000**
- Sjálfbærara samfélag með Bokashi
Guðfinna Lára Hávarðardóttir **300.000**
- Sjóstangveiði á Hólmavík - Vefsíðugerð ÓBH
Útgerð ehf. **300.000**
- Laupurinn - hús hrafnanna
Ingibjörg Rósa Björnsdóttir **300.000**
- Námskeið í náttúrustígagerð
Jóhann Birkir Helgason **250.000**

Alls: 16.510.000

Styrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar

Stofn- og rekstrarstyrkir

- Kómedíuleikhúsið
1.500.000
- Sauðfjársetur á Ströndum
1.500.000
- Basketur Basketur Íslands
1.500.000
- Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum
1.000.000
- Hversdagssafn
1.000.000
- ArtsIceland og Úthverfa
1.000.000
- Safn Gísla á Uppsölum
1.000.000

Alls: 8.500.000

Styrkveitingar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2023

Styrkir til menningarverkefna

- Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu
Edinborgarhúsið ehf **1.500.000**
- Act alone 2023
Act alone, félagasamtök **1.200.000**
- The Pigeon International Film Festival
Steingrímur Rúnar Guðmundsson **1.100.000**
- Endurhönnun á Galdrasýningunni
Strandagaldur ses **900.000**
- Söngleikur –
Samstarfsverkefni LL og Tí Litli leikklúbburinn **800.000**
- Blús milli fjalls og fjöru
Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök **750.000**
- International Westfjords Piano Festival
Andrew Junglin Yang **700.000**
- Ullarfléttan - ný sérsýning
Sauðfjársetur á Ströndum ses **700.000**
- Menningardagsskrá FLAK 2023
Flak ehf. **700.000**
- The Factory Art Exhibition
Hótel Djúpavík ehf. **700.000**
- Hádegistónleikar Ísafjarðar
Tónlistarskóli Ísafjarðar **600.000**
- Í takt við tímann - tæknimiðlun á safninu
Sauðfjársetur á Ströndum ses **600.000**
- Leikrit í fullri lengd
Leikfélag Hólmavíkur **600.000**
- Að beisla eldinn: Síðasti smiðurinn í vélsmiðjunni á
Þingeyri
Austan mána ehf. **500.000**
- Steyptir draumar - líf og list Samúels Jónssonar
Félag um listasafn Samúels **500.000**
- Lendingarstaður fyrir geimverur - We are in Space
Kol og salt ehf **500.000**

- Ráðstefna um íslensku sæskrímsslin
Félag áhugamanna um stofnun skrímslaseturs **500.000**
- Haukadalsfranska
Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag **500.000**
- SeaGirls: Ljósmyndasýning
Catherine Patricia Chambers **500.000**
- Leiklistarstarf fyrir börn
Halldóra Jónasdóttir **500.000**
- Minjasafn Egils Ólafssonar í 40 ár -
Afmælisdagsskrá Minjasafn Egils Ólafssonar **500.000**
- Hljóðleiðsögn á Hnjóti
Minjasafn Egils Ólafssonar **400.000**
- 3 F.Chopin Tónlistarhátíðin á Ísafirði Fryderic Chopin
Tónlistarfélagið á Íslandi **400.000**
- Gallerí Úthverfa sýningar 2023
Kol og salt ehf **400.000**
- Þjötlurnar
Tinna Ottesen **400.000**
- Skjaldbakan - fræðslustarf Skjaldborgar
Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg **340.000**
- Menningarhátíð Dunhaga
Dagný Alda Steinsdóttir **300.000**
- Marketing of workshop series "Write It Out"
Greta Lietuvninkaité-Suscické **300.000**
- Vetrarljós á Veturnóttum 2023
Kol og salt ehf **250.000**
- Hinsegindagar sunnanverða Vestfjarða
Eyrún Lind Árnadóttir **200.000**
- Samkomuhús Súðavíkur - viðburðir í apríl 2023
Elísabet Gunnarsdóttir **150.000**
- ArtsIceland viðburðir
Kol og salt ehf **150.000**
- Þjóðbúningur herra, námskeið - Samstarf milli svæða
Friðgerður Guðný Ómarsdóttir **150.000**

Alls: 18.290.000